

felldur úr gildi, og eins fyrri úrskurðurinn, að því leyti hinn síðari mætti vera byggður á honum; svo hefur hann og krafizt þess, að Jón ritari Jónsson yrði dæmdur til að borga sjer allan áfrýjunarkostnaðinn. Þar á móti hefur hinn stefndi krafizt, að málinu yrði vísað frá yfirdóminum, og sjer dæmdur »kostur og tæring», eða til vara, að úrskurðirnir verði staðfestir, og sjer dæmdur málskostnaður með hæfilegri upphæð. Hvað þá nú snertir úrskurði þessa, þá virðast þeir enga aðra þýðingu geta haft, en að hinn setti lögreglustjóri með þeim hafi viljað færa rök fyrir þeim framgangsmáta sínum, að láta drepa niður sauðfje áfrýjandans, en þar eð sú ráðstöfun hans ekki var dómsverk, getur það eigi heyrt undir yfirdóminn, að dæma um lögmæti slíkra úrskurða lögreglustjórans, enda væri og árangurslaust að breyta þeim, þar sem lögreglustjórinn ljet drepa niður hinar 11 kindur daginn eptir, að hann hafði kveðið upp seinni úrskurðinn. Að vísu hefur hinn setti lögreglustjóri kveðið upp úrskurði þessa báða á lögreglupingi, og kallað sig dómara, en slíkt getur ekki breytt eðli málsins.

Af tjeðum ástæðum ber að vísa máli þessu frá yfirdóminum, og virðist málskostnaður eptir málavöxtum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Málskostnaður fyrir yfirdóminum falli niður.

Nr. 19/1876.

Rjettvísinn

gegn

Einari Grímssyni.

Dómur.

Í máli þessu er Einar Grímsson, vinnumaður á Höfða í Ísafjarðarsýslu, ákærður fyrir saurlifnað með 12

vetra gamalli stúlku, og er hann með dómi gengnum í sömu sýslu 27. nóvbr. f. á. dæmdur fyrir þetta í 50 króna sekt til landssjóðsins, og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, en dómi þessum hefur amtmaður skotið til yfirdómsins.

Fyr nefnd stúlka, sem er fædd 3. október 1860, kom að Höfða, þar sem Einar þá var vinnumaður, um vorið 1871, og var þar til þess eptir veturnætur 1874, að hún var tekin þaðan af foreldrum sínum, sökum óorðs þess, er hún hafði fengið af Einari. Eptir fyrsta framburði stúlkunnar átti Einar eitt sinn um haustið, þá er hún var búin að vera á Höfða 1½ ár, eða um haustið 1872, að hafa tekið hana nauðuga og framið með henni holdlegt samræði, og síðan gjört þetta optar með lengra eða skemmra millibili, og í síðasta sinni seint um sumarið, áður en hún var tekin burt; hann hefði hótað henni, þegar hann í fyrsta sinni var búinn að fá vilja sinn með henni, að hann skyldi drepa hana, ef hún segði frá þessu. En seinna tók hún aptur þennan framburð sinn á þá leið, að hún reyndar aldrei hefði sýnt nokkra verulega mótspyrnu, en aldrei heldur gengið neitt eptir honum eða sýnt sig fúsa til samlags við hann. Í fyrstunni þrætti Einar fyrir allt þetta, en meðgekk þó seinna, að hann hefði haft ýmislegt glens við stúlkuna, þreifað á henni og komið nálægt henni á venjulegan hátt, þó án þess að fremja með henni holdlegt samræði í strangasta skilningi, og af tók, að nokkur nauðung hefði átt sjer stað. Þess ber að geta, að stúlkan eptir sögusögn hennar, var farin að fá reglulegar tíðir, áður en hún kom að Höfða, og einlægt síðan hefur haft þær reglulegar, eins kvað hún vera vel þroskuð á hennar aldri og vera heilsugóð.

Ákærða verður nú að dæma samkvæmt fyr tjeðri játningu hans, og virðist brot hans heyra undir 175.

og 177. grein hegningarlaganna, þar stúlkan virðist að hafa verið 12 ára, er ákærði fór að tæla hana til saurlifnaðar, og virðist þá hegningin einkum vegna þess, hve ung stúlkan var, hæfilega metin til fangelsis við vatn og brauð í 2×5 daga. Svo ber ákærða og að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, og þar á meðal til sóknara og svaramanns við yfirdóminn fyrir flutning málsins 10 krónur til hvors.

Meðferð málsins við undirrjettinn hefur verið víta-
laus, og flutningur þess fyrir yfirdóminum lögmatúr.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Einar Grímsson á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga; svo ber honum og að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, og þar á meðal til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Guðmundar Pálssonar, 10 krónur til hvors í málsfærslulaun.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 7. ágústmán.

Nr. 5/1876: Jón Hannes Jóhannesson
 gegn
 síra Arnljóti Ólafssyni.

Dómur.

Mál þetta er höfðað í hjerði af beneficiarius að Bægisá, síra Arnljóti Ólafssyni, gegn Jóni Hannessyni, eiganda jarðarinnar Garðshorns, út af ágreiningi um landamerki milli nefndra jarða, og var dómur uppkveðinn í því fyrir aukarjetti Eyjafjarðarsýslu 14. septbr. f. á. af sýslumanni St. Thorarensen með tilkvöddum meðdómsmönnum. Þessum dómi hefur Jón Hannes Jóhann-